

Pistill Einars Hjörleifssonar í „Norðurlandi“.

Það hefir skilist á ýnsum, að Heimir hafi sagt of mikið eða verið of berorður í ritgerðinni: „Leiðtogarnir og blöðin“. Oss er það að vísu ekki mikill harmur þótt eihverjir kunni að líta svo á það mál. Það er skoðun vor, að hver saga ætti að segjast eins og hún er, en ekki vera færð í stýl kaffi-snakks eða bæjarlaðurs. Það er bæði veigalítil kurteisí og vesall fínleiki, sem ekki þola að sagt sé satt. Í þessu efni mætti benda þeim hinum sömu á kafla þann, er hér fer á eftir, úr grein eftir Einar Hjörleifsson í „Norðurlandi“:

* * *

„Ungir menn geta verið andlegir karlfauskar, fullir af smásmuglegri hagsmuna græðgi, vindþurkaðir af hrokabelgingi og þar fram eftir götunum. Og gráhærð gamalmenni geta verið æskumenn í andlegum skilningi, fullir af þrá eftir sannleik og réttlæti og fullir af lotningu fyrir sannleiks- og frelsis-baráttu, hvar sem hún er háð.“

Mennirnir sjá ekki út úr augunum fyrir öllu, sem þeim er ætlað að hafa hliðsjón á.—Þeim er ætlað að varast það að spilla á nokkurn hátt fyrir sér eða afkomendum sínum efnalega. Þeim er ætlað að gæta þess vandlega að engir missi traust á þeim—ekki heldur vitleysingjarnir. Þeim er ætlað að taka ekki að sér nokkurn sannleika, sem á einhvern hátt getur spilt fyrir þeim flokki, sem þeim tilheyrir. Þeim er ætlað að segja engan sannleika, sem getur orðið hleypidómafullum mönnum til ásteytingar.—Þessari runu mætti halda áfram, eg veit ekki hvað lengi. Alt af er verið að hlaða utan um mennina haugum af því, sem þeir eiga að taka til greina. Alt eiga þeir að taka til greina—nema sannleikann, það, sem þeir sjálfir telja sannleika.

Þeir æskumenn, sem eg á við og mér stendur ekki á sama um, finna og sjá að þetta er andstygð. Og ekki eingöngu andstygð, heldur líka aðalháskinn. Með þessum haugum er verið að teppa uppgönguaugun í lífslindum þjóðfélagsins. Með þeim er verið að gera það ljós, sem í mönnum er, að myrkri, eins og mestur spekingur mannheimsins hefir að orði kveðið—sá, sem var krossfestur fyrir að vera ófáanlegur til þess að taka nokkurn skapaðan hlut til greina annan en sannleikann.“

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.